

Fjórði fundur Delta –deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn 12. apríl að Bifröst og hófst hann kl. 17.30.

Theodóra setti fundinn og bauð gestinn okkar að þessu sinni hana Huldu Guðmundsdóttur frá Fitjum velkomna. Brynja kveikti á kertum, vínáttu, trúmennsku og hjálpsemi. Theodóra gerði nafnakall og skilaði kveðjum frá félagskonum. Sjöfn las fundargerð frá fundinum í Húsafelli 12. nóvember s.l. og Theodóra las fundargerð frá 24. febrúar sem Anna Kristín Sigurðardóttir Kappakona ritaði en þriðji fundurinn deildarinnar var haldinn í Hafnarfirði.

Orð til umhugsunar eða mér er efst í huga flutti Elsa. Hún greindi frá því að í haust færi hún á lífeyri. Hún þakki forsjóninni fyrir að gefa sér kennarastarfið, hún er óendanlega þakklát fyrir það. Starfið gaf henni mikið og hún var alltaf að læra eitthvað nýtt. „Ég ætlaði að verða flugfreyja“ sagði Elsa, síðan rakti hún hvernig það æxlaðist til að hún varð kennari en ekki flugfreyja. Í haust mun hún fara í 50% starf ásamt því að stunda nám í leiðsögumannaskólanum.

Því næst bauð Theodóra Önnu Elísabetu Ólafsdóttur doktor í lýðheilsuvísindum og aðstoðarrekktor Háskólans á Bifröst velkomna. Anna Elísabet sagði hún okkur sína sögu í myndum og máli frá því þegar hún varð ástfangin af Tansaníu í Afríku árið 2005.

Hún fór fyrst til Tansaníu sem ferðamaður með fjölskyldunni sinni en þá féll hún alveg fyrir landi og þjóð. Hún fann þörf hjá sér til að leggja sitt af mörkum til að hjálpa til við að draga úr fátæktinni og sjúkdómum, þar sem allt of mörg börn deyja úr niðurgangi og lungnasjúkdómum..

Í dag á fjölskylda hennar lítið land þar sem þau rækta maís, baunir, grænmeti og ávexti auk þess sem þau hafa reynt fyrir sér í sjálfbærri kaffirækt. Fjölskyldan rekur jafnframt bóndabæ og gistiheimili í samvinnu við heimamenn og starfa í dag fjórir starfsmenn við reksturinn.

Þau hafa meðal annars lagt vatnsveitu til að færa vatnið nær í samvinnu við heimamenn og borað eftir vatni, sett upp sólarcellur til að fá rafmagn svo hægt sé að hita upp vatnið. Þegar Anna var 50 ára byggðu þau leikskóla en megin markmið er að styðja við samfélagið.

Ekki er hægt að gera fyrirlestri Önnu tæmandi skil hér en það var mikið ævintýri að hlusta á frásögn hennar sem einkenndist af eldmóð og hjálpsemi.

Theodóra þakkað Önnu Elísabetu kærlega fyrir og færði henni rós í þakklætisskyni.

Því næst borðuðum við dýrindis mat og undir borðhaldi fræddum við Önnu Elísabetu um félagsamtökin okkar DELTA KAPPA GAMMA.

Theodóra greindi frá því að búið væri að framlengja skráninguna á Vorþingið og aðalfundurinn okkar yrði haldinn á Akranesi 19. maí. Því næst sungum við vorlagið, Lóan er komin. Happraðtið var á sínum stað og að þessu sinni hreppti Hulda gesturinn okkar vinninginn.

Fundargerð ritaði Sjöfn.